

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní í máli nr. E-2059/2012:

A

(Fanney Birna Jónsdóttir hdl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Rúrik Vignir Vatnarsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí síðastliðinn, var höfðað 6. júní 2012 af B og C, f.h. ólögráða sonar þeirra, A, gegn Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, til viðurkenningar á bótaskyldu.

Dómkröfur stefnanda eru að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé bótaskyldur vegna líkamstjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir þann 7. desember 2009, þegar hann féll niður af steinvegg í frímínútum fyrir utan leiksvæði Árbæjarskóla í Reykjavík. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eins og málið væri eigi gjafsóknarmál og virðisaukaskatts á málskostnað þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfu stefnanda og jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins. Komi til þess að stefndi verði dæmdur til viðurkenningar á skaðabótaskyldu er gerð varakrafa um að sök verði skipt þannig að skaðabótaskylda stefnda verði aðeins viðurkennd að hluta til en að stefnandi beri að öðru leyti tjón sitt sjálfur vegna eigin sakar.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Stefnandi var tæplega átta og hálfis árs gamall nemandi í Árbæjarskóla 7. desember 2009 þegar hann fór í frímínútum í hádegi út af lóð skólans og að Árbæjarkirkju. Lóðir skólans og kirkjunnar liggja saman en ekki er girt á milli lóðanna. Samkvæmt gögnum málsins fór stefnandi upp á eða hoppaði yfir steinvegg sem markar inngang kirkjunnar. Hann hafi þá fallið niður um það bil tvo metra og lent á vinstri síðu og rekið vinstri hlið höfuðs í gangstétt. Í umsögn skólastjóra Árbæjarskóla 11. mars 2011 kemur fram að eftir hádegishlé nemenda slysdaginn hafi stefnandi komið inn í skólann í fylgd félaga síns sem hafi tjáð umsjónarkennara að stefnandi hefði skolið harkalega með höfuðið í stéttina við Árbæjarkirkju. Félaginn hafi sagt að þeir hefðu verið að hoppa yfir vegg við inngang kirkjunnar og stefnandi hefði fallið niður með höfuðið í stéttina fyrir neðan. Strax hafi verið hringt á sjúkrabíl.

Stefnandi viðbeinsbrotnaði við fallið og hlaut beinleiðniheyrnartap á vinstra eyra sem í matsgerð 13. október 2011 er metið til átta prósentu varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Krafa um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu Fræðslusviðs Reykjavíkurborgar vegna slyssins var send Vátryggingafélagi Íslands hf., 20. janúar 2011. Stefndi hafnaði bótaskyldu 10. maí 2011 og úrskurðarnefnd í vátryggingamálum staðfesti í úrskurði sínum 9. ágúst 2011 að bótaskylda væri ekki fyrir hendi.

Málsaðila greinir á um það hvort bótaábyrgð vegna slyssins verði lögð á Árbæjarskóla þannig að bætur séu kræfar úr fyrrnefndri ábyrgðartryggingu Fræðslusviðs Reykjavíkurborgar hjá stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Krafa stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu byggir á sakarreglunni og óskráðri meginreglu íslensks skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð.

Að mati stefnanda hafi aðstæður á leiksvæði skólans þegar slysið varð verið þannig að brotið hafi verið gegn ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Þar segi að húsnæði, lóð, aðstaða, búnaður og öll starfsemi sem börn taka þátt í á vegum grunnskóla skuli miðast við að öryggi nemenda sé tryggt. Vísar stefnandi til 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, þar sem segi að húsnæði og allur aðbúnaður skuli taka mið af því að tryggja öryggi nemenda.

Þegar slysið varð hafi stefnandi farið lengra en sem nemi skólalóð Árbæjarskóla, eða um 60 metra frá enda lóðarinnar að Árbæjarkirkju. Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um öryggi og slysavarnir segi m.a. að nemandi sé á ábyrgð skólans meðan á daglegum starfstíma skólans standi. Beri því að tryggja að nemendur skólans séu öruggir í leik sínum þegar frímínútur standi yfir og að þeim sé ekki gert kleift að ráfa svo langt út af lóð skólans, eins og raunin hafi verið við slysið, í aðstæður sem geti verið hættulegar. Aðeins sé tæplega hálf metra hátt skilrúm sem standi milli gangstéttar og brúnar og því sé ljóst að aðstæður við Árbæjarkirkju verði að teljast hættulegar átta ára börnum. Slyssvæðið sé ekki í sjónlínu frá skólalóð Árbæjarskóla og því ljóst að ekki hafi verið mögulegt fyrir starfsmenn skólans að fylgjast með leik nemenda sinna þar. Beri starfsmönnum skólans að fylgjast með nemendum sínum, enda séu þeir á þeirra ábyrgð á skólatíma.

Öryggis hafi ekki verið gætt á skólastað stefnanda enda hafi hvorki verið gengið þannig frá skólalóð að ómögulegt væri fyrir nemendur þar að komast að því hættulega svæði þar sem slysið hafi átt sér stað, né hafi fullnægjandi eftirlit verið haft með stefnanda og skólasystkinum hans við leik þeirra í umræddum frímínútum. Telja verði að koma hefði mátt í veg fyrir slysið með betra eftirliti á slysstað og einnig hefði verið auðfrákvæmanlegt að koma fyrir girðingu eða skilrúmi sem hefði afmarkað skólalóðina þannig að ekki væri eins auðvelt og raun hafi borið vitni að komast að slysstað.

Telji stefnandi að fyrir liggi að aðstæður á skólalóð Árbæjarskóla hafi ekki verið í samræmi við þær kröfur sem lög og reglur geri. Þá hafi öryggisreglur verið brotnar og ráðstafanir ekki gerðar til að tryggja öryggi nemenda. Hægt hefði verið, með

lágmarks fyrirhöfn og tilkostnaði, að tryggja öryggi stefnanda og þannig koma í veg fyrir slys. Því hafi ekki verið sinnt og telji stefnandi því að Reykjavíkurborg beri ábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins og honum beri bætur úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf.

Stefnandi hafni því að hann verði látinn bera ábyrgð á því að fylgja ekki skólareglum Árbæjarskóla með því að hafa farið út af lóðinni. Ekki sé óalgengt að börn séu að leik á umræddu svæði við Árbæjarkirkju. Nemendur séu einnig ítrekað fyrir utan lóð skólans í námunda við það svæði sem um ræðir eða vestan megin við skólann. Þar við hliðina á húsnæði skólans, að Rofabæ 30, sé til húsa félags- og frístundamiðstöð og milli skólalóðarinnar og þess húsnæðis sé leikvöllur þar sem nemendur skólans séu iðulega að leik í frímínútum. Frá því leiksvæði sé kirkjusvæðið í aðeins nokkurra metra fjarlægð og ekkert þessara svæða sé aðskilið sérstaklega hvert frá öðru. Það hljóti þess vegna að teljast erfitt fyrir nemendur á aldur við stefnanda, sem var átta ára á slysdegi, að gera sér grein fyrir hvaða svæði sem ekki tilheyri skólanum séu bannsvæði fyrir nemendur og hvaða svæði séu heimil sem leiksvæði í frímínútum.

Stefndi segi starfsmenn skólans leggja mikla áherslu á að upplýsa nemendur um það mikilvægi að fara aldrei út fyrir skólalóðina á skólatíma, og taki fram að það sé m.a. gert í ljósi þess umhverfis sem er í kringum skólann og taki sérstaklega fram sem dæmi Elliðaárnar. Stefnandi telji ólíku saman að jafna, Elliðaánum, sem séu í töluvert meiri fjarlægð frá skólalóðinni en kirkjulóð Árbæjarkirkju. Auk þess sem augljóst ætti að vera fyrir nemendur skólans, á hvaða aldri sem væru, að gera sér grein fyrir að þeir væru komnir langt út fyrir lóð skólans þegar komið sé í námunda við Elliðaárnar. Telji stefnandi að í ljósi þeirrar venju starfsmanna Árbæjarskóla að leyfa nemendum að leika sér fyrir utan skólalóðina, á leiksvæði Rofabæjar 30 og nálægð þeirrar lóðar við lóð Árbæjarkirkju, að á þeim hafi hvílt sérstök eftirlitsskylda við þá nemendur sem leiki sér á því svæði og kunni að ráfa út af þeirri lóð að kirkjunni. Ljóst sé að veggur sá er stefnandi hafi fallið niður af sé sérlega hættulegur ungum börnum og því hafi starfsmönnum skólans borið að tryggja sérstaklega að nemendur væru ekki eftirlitslausir þar.

Telji stefnandi að krafa stefnda um að átta ára drengur sýni sérstaka aðgæslu við leik sé ekki raunhæf. Ljóst sé að kröfur um aðgæsluskyldu barna séu mun vægari en fullorðinna. Það sé á ábyrgð skólans að sjá til þess að lögum og reglum sé sinnt og telji stefnandi ljóst að aðbúnaður sá sem í kringum Árbæjarskóla sé taki ekki mið af því að tryggja öryggi nemenda.

Stefnandi telji því ljóst að brot gegn reglum um öryggi og slysavarnir á skólastað hafi valdið slysinu 7. desember 2009. Á því beri Reykjavíkurborg ábyrgð og stefnda beri því að greiða stefnanda bætur úr ábyrgðartryggingu sem Reykjavíkurborg hafi á slysdegi haft hjá stefnda. Það leiði af meginreglu íslensks skaðabótaréttar, sakarreglunni, að Reykjavíkurborg beri skaðabótaábyrgð í málinu.

Um lagarök vísi stefnandi til meginreglna íslensks skaðabótaréttar, til skaðabótalaga nr. 50/1993 og til laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Varðandi viðurkenningarkröfu vísi stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og kröfu um málskostnað styðji stefnandi við 129. og 130. gr. sömu laga. Kröfu um virðisaukaskatt styðji stefnandi við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefnda er á því byggt að ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar vegna meints vanbúnaðar á skólalóðinni eða vegna þess að eftirliti starfsmanna Árbæjarskóla hafi verið ábótavant. Enn fremur sé ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu á milli meintrar sakar starfsmanna skólans og umrædds slyss né sýnt fram á að umrætt slys hafi verið sennileg afleiðing meintrar vanrækslu eða sakar starfsmanna skólans.

Stefnandi byggir á því að brotið hafi verið gegn ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Vísað sé til 3. mgr. 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, þar sem segi að húsnæði og allur aðbúnaður skuli taka mið af því að tryggja öryggi nemenda. Stefnandi vísir svo til þess að ekki hafi verið gengið þannig frá skólalóð að ómögulegt væri fyrir nemendur að komast að því svæði þar sem slysið átti sér stað, og að ekki hafi verið haft fullnægjandi eftirlit með stefnanda og skólasystkinum hans við leik í umræddum frímínútum.

Af hálfu stefnda sé því mótmælt að ekki hafi verið fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 657/2009 eða ákvæðum laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009 segi: *Húsnæði, lóð, aðstaða, búnaður og öll starfsemi sem börn taka þátt í á vegum grunnskóla skal miðast við að öryggi nemenda sé tryggt.* Hér sé um mjög almennt orðað reglugerðarákvæði að ræða. Í 3. mgr. 20. gr. laga um grunnskóla segi: *Grunnskólahúsnæði og skólalóðir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.*

Ekki hafi verið sýnt fram á að aðstæður á skólalóðinni uppfylli ekki kröfur fyrrnefndra laga eða reglugerðar. Ekki hafi heldur verið sýnt fram á, og stefnda sé ekki kunnugt um, að gerðar hafi verið athugasemdir við gerð og búnað skólalóðarinnar af hálfu yfirvalda. Slys það sem stefnandi hafi orðið fyrir hafi orðið vel utan skólalóðar, líklega um 60 metra utan lóðarinnar. Af því leiði að aðstæður á sjálfri lóðinni komi í raun ekki til skoðunar og skipti ekki máli varðandi mat á orsökum slyssins eða mat á hugsanlegri sök starfsmanna skólans, þar sem engin orsakatengsl geti verið á milli meints vanbúnaðar og slyssins þar sem slysið hafi ekki orðið á lóðinni. Megi segja að þetta sé skýrt orðað í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum en þar komi orðrétt fram í niðurstöðu nefndarinnar: *Í umrætt sinn var pilturinn sem hér um ræðir að leik utan skólalóðar og var ekki ábyrgð Árbæjarskóla eða starfsfólks hans þegar slysið varð. Ekki er því um bótaskyldu að ræða hjá starfsfólki R.* Úrskurðarnefndin komi hér að kjarna málsins og þyki nefndinni augljóslega ekki þörf á frekari rökstuðningi fyrir niðurstöðu í málinu þar sem atvikið átti sér einfaldlega ekki stað á skólalóð og stefnandi því ekki á ábyrgð skólans með nokkrum hætti.

Stefnandi hafi vísað til laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerðar nr. 657/2007, en hafi hins vegar ekki sýnt fram á að Árbæjarskóli hafi ekki uppfyllt ákvæði þessara laga og reglugerðar. Stefnandi telji að öryggis hafi ekki verið gætt á skólastað hans þar sem ekki hafi verið gengið þannig frá skólalóð að ómögulegt væri fyrir nemendur að komast að „því hættulega svæði þar sem slysið átti sér stað“ eins og það sé orðað, né hafi fullnægjandi eftirlit verið haft með stefnanda í frímínútum. Stefnandi telji „öryggisreglur“ hafa verið brotnar án þess að vísa nánar til þess hvaða reglur átt sé við, að hvaða leyti þær hafi verið brotnar eða hvernig það hafi leitt til hins umrædda óhapps. Stefnandi telji að auðfrankvæmanlegt hefði verið að koma fyrir girðingu eða skilrúmi sem afmarkaði skólalóðina þannig að ekki hefði verið eins auðvelt fyrir stefnanda að komast að slysstað, en vísi ekki til neinnar skyldu til að koma fyrir girðingu. Stefndi vísi þessu á bug og bendi á að engar skyldur liggi fyrir í lögum eða reglugerðum til þess að girða skólalóðir af, og ekki sé heldur venja fyrir því að gera slíkt. Nemendum sé samkvæmt skólareglum óheimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma. Engin skýring hafi fengist á því að stefnandi hafi farið út af skólalóðinni í umrætt sinn, en ljóst sé að hann hafi þar með brotið reglur skólans.

Skólalóð Árbæjarskóla sé stór og vel búin leiktækjum, en vegna stærðar lóðarinnar sé henni skipt í þrjú svæði og ávallt séu tveir starfsmenn á hverju svæði í þeim tilgangi að tryggja öryggi nemenda sem best. Gæslunni hafi kennarar sinnt á þeim tíma sem óhappið hafi orðið, en svæðin séu stór og ljóst sé að ætli nemendur sér að fara út af lóð skólans í frímínútum eða hádegishléi sé erfitt að koma í veg fyrir það. Stefndi mótmæli því, og telji í raun fráleitt, að gera þá kröfu að starfsmenn skólans geti með útbúnaði eða eftirliti í öllum tilvikum komið í veg fyrir að nemendur ráfi út fyrir skólalóð. Slíkur útbúnaður, eða eftirlit, sé ómögulegur án þess að útbúa skólalóðina líkt og um eins konar öryggisgæslu væri að ræða, sem vitaskuld væri fráleitt og skaðlegt fyrir nemendur.

Stefnandi hafi borið því við að vegna ungs aldurs hafi hann ekki getað gert sér grein fyrir því að hann væri kominn út fyrir skólalóðina og að ekki sé raunhæft að gera þá kröfu til átta ára drengs að hann sýni sérstaka aðgæslu við leik. Stefndi telji að börn á þessum aldri hafi almennt þroska og séu almennt fær um að fylgja skólareglum og gera sér grein fyrir hættu á borð við þá að standa upp á eða hoppa yfir vegg líkt og þann sem sé að finna við inngang Árbæjarkirkju. Stefndi telji fyrst og fremst að um óhappatilvik sé að ræða. Ef hins vegar leitað sé orsaka fyrir tjóninu og sakar þá sé ljóst að orsaka sé eingöngu að leita í hegðun stefnanda sjálfs, þ.e. þeirri ákvörðun hans að fara út fyrir skólalóð og leika sér við vegg þann sem sé við inngang Árbæjarkirkju. Hafi hann tekið ákvörðun um að hoppa yfir vegginn, líkt og fram komi í bréfi skólustjóra Árbæjarskóla, sé um að ræða ákvörðun og áhættu sem engum verði um kennt nema stefnanda sjálfum.

Stefndi telji þetta leiða til þess að stefnandi beri sjálfur ábyrgð og sök á slysi sínu, samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar. Varakrafa um skiptingu sakar sé byggð á því að eigin sök stefnanda skuli leiða til þess að skaðabótaskylda stefnda verði aðeins staðfest að hluta til en að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að öðru leyti vegna eigin sakar.

Stefndi krefjist aðallega greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins á grundvelli ákvæðis 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Til

vara geri stefndi þá kröfu að málskostnaður verði látinn niður falla samkvæmt heimild í ákvæði 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um lagarök að öðru leyti vísi stefndi til meginreglna skaðabóta- og váttryggingaréttar og skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða

Stefnandi byggir kröfu sína um viðurkenningu bótaábyrgðar stefnda vegna slyss stefnanda á því að nemandi sé á ábyrgð skóla meðan á daglegum starfstíma standi. Stefnandi byggir kröfur sínar á sakarreglunni og meginreglu skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð. Starfsmönnum sé skylt að fylgjast með nemendum á skólatíma með fullnægjandi hætti og skólastjórnendur beri ábyrgð á því að tryggja að aðstæður á skólalóð miðist við að öryggi nemenda sé tryggt, en vanræksla á þessu varði bótaábyrgð. Hvorki er í málinu deilt um skyldur stefnda sem váttryggjanda né um rétt stefnanda til að fá úr því skorið með dómi hvort bótaskylda sé fyrir hendi. Ágreiningslaust er að slysið varð á lóð Árbæjarkirkju utan lóðar Árbæjarskóla.

Málsaðilar deila annars vegar um það hvort það skuli telja vanbúnað á lóð skólans að hún hafi ekki verið afgirt til þess að hindra að nemendur kæmust yfir á lóð kirkjunnar og hvort slysið megi þá rekja til þess vanbúnaðar. Hins vegar snýst ágreiningur aðila um það hvort starfsmenn skólans hafi með saknæmum hætti vanrækt skyldur sínar til eftirlits með stefnanda á skólatíma og að slysið hafi þá orðið vegna þeirrar vanrækslu.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 skulu grunnskólahúsnæði og skólalóðir uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögnum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Ráðherra setur samkvæmt 5. mgr. 20. gr. laganna reglugerð um húsnæði og búnað grunnskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem nánar er kveðið á um aðstöðu, búnað, slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum. Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009 segir að húsnæði, lóð, aðstaða, búnaður og öll starfsemi sem börn taki þátt í á vegum grunnskóla skuli miðast við að öryggi nemenda sé tryggt. Í h-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar segir að til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu í grunnskólum teljist afmörkuð og skipulögð skólalóð sem gefi fjölbreytt tækifæri til leikja og annarrar útvistar.

Samkvæmt framansögðu eru gerðar kröfur um að lóðir grunnskóla séu afmarkaðar og að búnaður skuli miðast við að öryggi sé tryggt. Nánari fyrirsmáli er þar ekki að finna um það hvernig lóð skuli afmörkuð eða hvernig öryggi skuli tryggt. Hlýtur mat á aðstæðum að ráða því hvaða viðbúnaður sé við hæfi á hverjum stað. Af hálfu stefnda hefur komið fram að ekki sé venja að girða af mennta- og uppeldisstofnanir eins og um öryggisgæslu sé að ræða, nema á skólalóðum sem liggja að hættulegum svæðum, til dæmis að umferðargötum.

Stefnandi hefur haldið því fram að koma hefði mátt í veg fyrir slysið með því að setja upp girðingu milli lóða skólans og kirkjunnar. Þótt það verði að teljast ríkur þáttur í að tryggja öryggi á skólalóðum sem liggja að hættulegum svæðum að girða

skólalóð af telja skólayfirvöld, samkvæmt gögnum málsins, ekki að það eitt tryggi öryggi nemenda eða að þau haldi sig þá innan lóðar. Í yfirlýsingu 30. mars 2011 frá deildarstjóra byggingardeildar skrifstofu gatna- og eignaumsýslu framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, kemur fram að þar sem grunnskólalóðir séu afgirtar komist börnin eftir sem áður út af lóðunum. Samkvæmt því er ekki unnt að slá því föstu að stefnandi og félagi hans hefðu ekki farið að kirkjunni til að leika sér í greint sinn þótt girt hefði verið milli lóðanna með einhverjum hætti.

Málsaðila greinir á um það hvort svæðið við Árbæjarkirkju sé svo hættulegt börnum að nauðsynlegt hafi verið, til að fullnægja lögbundnum skyldum um viðbúnað til að tryggja öryggi nemenda Árbæjarskóla, að setja upp girðingu til að ekki væri eins auðvelt og raun ber vitni að komast að slysstað.

Stefnandi hefur ekki lagt nein gögn fyrir dóminn frá sérfræðingum eða öðrum því til stuðnings að öryggi sé áfátt við aðkomu að Árbæjarkirkju, en þangað sækja bæði börn og fullorðnir athafnir og þjónustu. Af myndum af vettvangi sem lagðar hafa verið fyrir dóminn og lýsingum málsaðila verður ekki greint að veggur sá sem markar inngang kirkjunnar feli í sér leynda hættu eða slysgildru. Gangstéttin fyrir framan kirkjuna er afmörkuð af lágklið veggjarins sem stefnandi fór yfir, en samkvæmt því sem greinir í stefnu er lágkliðin tæplega hálfur metri. Augljóst má þeim vera sem stendur á stéttinni innan við þennan lága vegg í dagsbirtu, hvort sem það er átta ára barn eða fullorðinn maður, að hærra er niður handan veggjarins en innan hans, eða einn og hálfur til tveir metrar að utanverðu.

Að þessu virtu þykir ekki unnt að fallast á það með stefnanda að umrætt svæði við Árbæjarkirkju sem liggur að lóð Árbæjarskóla sé hættulegt. Því verður ekki talið að nauðsynlegt hafi verið að setja upp girðingu milli skólalóðarinnar og svæðisins til að fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru í 3. mgr. 20. gr. laga um grunnskóla og 7. gr. reglugerðar um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða um að öryggi nemenda sé tryggt. Þegar af þeirri ástæðu að svæðið við kirkjuna verður að mati dómsins ekki talið hættulegt verður það ekki með réttu talið til vanbúnaðar á skólalóð Árbæjarskóla þó girðing hafi ekki verið sett upp milli lóða skólans og kirkjunnar.

Samkvæmt upplýsingum skólastjóra Árbæjarskóla, sem stefnandi hefur ekki andmælt, sinntu kennarar skólans gæslu á skólalóðinni þegar slysið varð. Lóðinni sé skipt upp í þrjú svæði og gæsla hafi verið á öllum svæðum. Ljóst sé að svæðin séu stór og ef nemendur ætli sér að fara út af skólalóð í frímínútum sé erfitt að koma í veg fyrir það. Nemendum sé ekki heimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma og engin skýring hafi fengist á því af hverju stefnandi gerði það. Stefnandi hefur upplýst að tveir starfsmenn hafi verið við gæslu á hverju svæði þegar slysið varð. Stefnandi hefur ekki mótmælt því eða fært fram nein sönnunargögn um það að skort hafi á fjölda hæfra starfsmanna við gæslu á skólalóðinni þegar slysið varð.

Stefnandi byggir á því almennt að starfsmönnum hafi borið að fylgjast með stefnanda, sem sökum ungs aldurs hafi átt erfitt með að gera sér grein fyrir því hvaða svæði væru heimil sem leiksvæði í frímínútum. Stefnandi eigi ekki að bera ábyrgð á því að fylgja ekki skólareglum Árbæjarskóla með því að fara út af lóðinni meðal annars vegna þess að ekki sé óalgengt að nemendur skólans séu að leik á umræddu svæði við kirkjuna. Af hálfu stefnanda er því þó hvorki haldið fram né leiddar sönnur að því að það hafi almennt viðgengist eða verið látið óátalið á

skólatíma að börn lékju sér við kirkjuna.

Eftir því sem börn eldast og þroskast minnkar þörfin á því að þau séu undir stöðugu eftirliti, enda þykir rétt að ætla börnum að taka aukna ábyrgð athöfnum sínum í samræmi við aldur sinn og þroska og leyfa þeim það. Mat á því hvenær réttmætt sé að treysta barni til að virða mörk og gæta sín við tiltekna aðstæður ræðst ekki einvörðungu af aldri þess, heldur verður að líta til þroska barns og aðstæðna þess að öðru leyti. Móðir stefnanda kom fyrir dóminn og upplýsti að á þeim tíma þegar slysið varð hafi hún venjulega ekið honum í skólann að morgni þar sem hann hafi farið úr bifreiðinni fyrir utan, en hún hafi ekki fylgt honum inn eða starfsmenn skólans tekið á móti honum. Stefnandi hafi ekki verið sóttur í skólann heldur gengið einn heim eftir að skóla lauk klukkan rúmlega tvö og að öðru jöfnu þá verið einn heima þar til móðir hans hafi komið úr vinnu sinni sem lokið hafi um klukkan þrjú.

Við mat á því hvort það verði talið starfsmönnum skólans til sakar að hafa ekki haft sérstakar gætur á stefnanda til að koma í veg fyrir að stefnandi og félagi hans færu að kirkjunni í frímínútum verður ekki litið fram hjá því sem fram kom fyrir dómnum af hálfu móður stefnanda um mat hennar á hæfi hans og þroska til að gæta sín sjálfur án eftirlits á þeim slóðum þar sem slysið varð. Engin sérfræðigögn liggja fyrir um hæfileika stefnanda að þessu leyti. Stefnandi var í þriðja bekk grunnskóla og eftir því sem fram er komið treystu foreldrar hans honum til að ganga sjálfur heim úr skóla án eftirlits á hverjum degi og gat stefnandi farið um lóð Árbæjarkirkju á þeirri leið ef honum sýndist svo.

Ógjörningur er fyrir kennara að fylgjast stöðugt með hverjum einasta nemanda sem er að leik á skólalóð eins og hér um ræðir, hvort sem lóðin er afgirt eða ekki. Engum líkum hefur verið að því leitt að kennarar skólans, sem voru við gæslu á skólalóðinni, hafi haft eða mátt hafa ástæður til að ætla að þörf væri á að hafa sérstakar gætur á stefnanda eða til að vantreysta getu hans umfram annarra barna á hans aldri til að fylgja reglum og gæta sín. Það verður eins og hér stóð á ekki talið starfsmönnum skólans til saknæmrar vanrækslu við eftirlit þótt þeir hefðu ekki veitt ferðum stefnanda og félaga hans athygli þegar þeir fóru út af skólalóðinni yfir lóðarmörkin að Árbæjarkirkju.

Að framangreindu virtu er það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi ekki tekist að sanna að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar húsnæðis, lóðar, aðstöðu eða búnaðar Árbæjarskóla. Þá hefur stefnandi ekki heldur tekist að sanna að öryggisreglum hafi ekki verið fylgt eða að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna skólans eða annarra atvika sem skólinn beri ábyrgð á. Af því sem upplýst er um slysið verður að telja að það verði rakið til aðgæsluleysis stefnanda og óhappatilviks sem stefnandi verði sjálfur að bera skaðann af. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir þó rétt að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur gjafsókn til reksturs máls þessa fyrir héraðsdómi sem takmörkuð er við réttargjöld og ágreining um bótaskyldu. Málflutningsþóknun lögmanns stefnanda greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 2. mgr. 127. gr. laga um meðferð einkamála og þykir hæfilega ákveðin 600.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóminn kvað upp Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari. Dómarinn tók við meðferð málsins 2. apríl 2013.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., er sýkn af kröfum stefnanda, A, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Málflutningsþóknun lögmanns stefnanda 600.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 2. mgr. 127. gr. laga um meðferð einkamála.

Krístrún Kristinsdóttir